

## Ársskýrsla Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fyrir 2015

### Inngangur

Uppbygging skólastarfs í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ hélt áfram á árinu 2015 og sem fyrr var megináherslan á að styðja við og koma hugmyndafræði skólans og stefnu í framkvæmd.

### Nemendur

Á vorönn 2015 voru nemendur 343 og á haustönn 2015 voru þeir 390. Meirihluti nemenda skólans eru úr Mosfellsbæ og nágrennabyggðum (Grafarvogur, Grafarholt, Kjarnes, Akranes), eða um 80%. Kynjahlutfall hefur verið í nokkuð góðu jafnvægi. Fjöldi nýnnema sem sækja um FMOS beint eftir 10. bekk fjölgaði til muna haustið 2014 frá því sem verið hafði. Svipaður fjöldi sótti um vorið 2015 en bæði þessi ár hefur skólinn getað tekið við öllum umsóknum frá nýnemum. Um það bil helmingur nýnema kemur úr grunnskólum Mosfellsbæjar. Við innritun vorið 2015 hafnaði skólinn um 100 umsóknum um skólavist frá nemendum sem eiga það sameiginlegt að vera 18 ára eða eldri. Ef fram fer sem horfir þá á yngri nemendum enn eftir að fjölda við skólann á kostnað þeirra eldri.

Heiti brautar	Vorönn 2015	Haustönn 2015
Almenn námsbraut	42	75
Félags- og hugvísindabraut	106	97
Hestabraut	15	18
Listabraut	43	30
Íþrótt- og lýðheilsbraut	19	21
Náttúruvísindabraut	65	67
Opin stúdentsbraut	43	70
Sérnámsbraut 1	10	12

Kyn	Vorönn 2015	Haustönn 2015
KK	181	206
KVK	162	184

Árgangur	Vorönn 2015	Haustönn 2015
1957-1987	4	4
1988	1	1
1989	3	2
1990	5	3
1991	7	6
1992	9	8
1993	24	21
1994	29	23
1995	41	25
1996	61	44
1997	67	71
1998	92	88
1999		94

Breidd í námsgetu nemenda er mikil þar sem fjöldi sterkra námsmanna er að aukast en engu að síður er hópur nemenda í skólanum sem glímir við margskonar námsörðugleika og margir af eldri nemendum skólans eiga töluvert brotinn námsferil að baki. Mikil reynsla hefur orðið til í skólanum við að kenna eldri nemendum með brotinn námsferil. Þetta staðfestir rannsókn Ingólfss Ásgeirs Jóhannessonar og Valgerðar S. Bjarnadóttur, „Meaningful education for returning-to-school students in a comprehensive upper secondary school in Iceland“ <http://www.tandfonline.com/eprint/AbFtvPmhDjZdEkteFTx/full>

Í greininni kemur meðal annars fram það viðhorf nemenda að skólabragurinn einkennist af gagnkvæmri virðingu.

Brotthvarf nemenda er enn alltof hátt, a.m.k. ef það er reiknað út frá einingafjölda. Við sjáum breytingar í þá átt að nemendur hætta ekki endilega í skólanum, en ljúka færri

einingum. Sem aðgerð til að draga úr eininga brotthvarfi þarf að sjá til þess að námsval nemenda á milli anna taki mið af loknum einingum nemenda á námsferli.

### Nám

Boðið er upp á nám á 8 námsbrautum í skólanum, þ.e. nám á almennri braut, listabraut, íþrótt- og lýðheilsubraut, hestabraut, félags- og hugvísindabraut, náttúruvísindabraut, opinni stúdentsbraut og sérnámsbraut. Námsframboðið er í samræmi við áherslur skóla og ráðuneytis og er nokkuð fjölbreytt. Nám á almennri braut er ætlað nemendum með ónógan undirbúnning fyrir nám á öðrum brautum. Listabraut, íþrótt- og lýðheilsubraut og hestabraut eru til framhaldsskólaprófs. Sérnámsbraut er ætluð fyrir nemendur með fötlunargreiningu og er skipulögð sem 7 - 8 anna nám. Aðrar brautir eru til 200 eininga stúdensprófs þar sem meðal námstíminn er 7 annir.

Þróunarstarfið í FMOS skiptist í two meginhluta, þróun kennsluháttar annars vegar og innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla hins vegar. Áherslupunktarnir í þróun kennsluháttar snúast um verkefnamiðaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat sem fléttast saman við kennsluaðferðirnar. Þróunarvinnan sem tengist innleiðingu laga nr.92/2008 felst einkum í uppbyggingu og útfærslu námsbrauta og áfangalýsinga, auk þess hafa áfangalýsingar verið endurskoðaðar og áfangarnir tímamældir með tilliti til samhengis eininga og vinnu nemenda. Unnið er að endurskoðun styttri námsbrauta þannig að hægt verði að sækja um samþykki þeirra til ráðuneytisins mennta- og menningarmála

### Starfsmenn

Tveir stjórnendur eru í skólanum, skólameistari og aðstoðarskólameistari, báðir í 100% stöðu. Við skólann starfar deildarstjóri sérnámsbrautar í hlustarfi. Tveir námsráðgjafar eru við skólann í 160% stöðu til samans. Þrír sviðsstjórar eru við skólann stjórnendum til aðstoðar. Ráðning sviðsstjóra rennur út í sumar og þar með gefst tækifæri til þess að endurskoða fyrirkomulagið. Kennrar á haustönn voru 32 í 28 stöðugildum og aðrir starfsmenn 10 í 8 stöðugildum. Heildarstarfsmannafjöldi var því 42. Allir kennrar eru með kennsluréttindi og háskólamenntun í sinni kennslugrein og meirihluti þeirra með masterspróf

Kennsluhættir skólans eru í aðalatriðum þannig að notaðar eru fjölbreyttar verkefnamiðaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat, og stundataflan er brotin upp með verkefnatínum þar sem kennrar eru til taks og nemendur stjórna sjálfir í hvaða verkefnatíma þeir mæta. Kennsluaðferðirnar miða að því að nemendur séu virkir þáttakendur í námi sínu og tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem þeir vinna. Áhersla er síðan lögð á að leiðsagnarmatið leiði nemendur áfram og hjálpi þeim að bæta árangur sinn.

Skipulag kennslunnar og kennsluhættir hafa reynst í öllum meginatriðum vel. Nánari útfærsla og þróun á aðferðunum eru stöðugt til umræðu á vikulegum fundum starfsmanna og ákvarðanir teknar jafnóðum um breytingar. Kennrar skólans eru vel menntaðir og kraftmiklir, og mikil orka felst í þeim áhuga og frumkvöðlaanda sem ríkir í skólanum.

### Mat

Uppbygging gæðakerfis skólans miðar að því að það sé altækt og umbótamiðað. Í áætlun um sjálfsmat er gerð grein fyrir þeim þáttum sem hafa verið og verða metnir, og í sjálfsmatsskýrslu er gerð grein fyrir umbótum í framhaldi af matinu, sjá vef skólans, <http://www.fmos.is/sjalfsmat/sjalfsmatsskýrslur/>.

## **Fjármál, rekstur, aðbúnaður**

Stefnt er að því að halda fjárhagslegrí stöðu skólans í jafnvægi á hverjum tíma þ.e. að kostnaður við rekstur skólans fari ekki fram úr fjárheimildum sem honum eru ætlaðar á hverjum tíma. Þetta hefur ekki tekist fyllilega og þar munar að okkar mati mestu um hversu margir nemendur hafa verið að fækka hjá sér einingum eftir að skipulagt skólastarf er hafið. Á þessu er verið að vinna þannig að námsval á milli anna sé í samræmi við námsárangur síðustu annar.

Rekstrarstaða skólans í árslok 2014 var neikvæð um tæpar 45 m.kr. Við uppgjör vegna framhaldsskóla fyrir árið 2015 komu 48 m.kr. í hlut skólans. Rekstrrafkoma ársins 2015 er neikvæð um 13 m.kr. og hefur þá batnað um 32 m.kr. á milli ára og þar munar öllu áður nefnt framlag frá ráðuneyti mennta- og menningarmála. Stefnt er að því að ná þessum halla niður rekstrarárið 2016.

Nýting starfskrafta var góð miðað við stærð skóla og var meðalhópastærð um 18,5 nemendur og á árinu 2015 voru um 11 m<sup>2</sup> á nemanda en húsið er byggt fyrir 550 nemendur og þá verða um 7 m<sup>2</sup> á nemanda.

## **Samstarf við aðra**

Skólinn er í samstarfi við ýmsa aðila í Mosfellsbæ, s.s. grunnskóla bæjarins, íþróttafélagið Reykjaland, tónlistarskólann, myndlistarskólann og Hestamannafélagið Hörð. Á næstu misserum verður samstarfið þroað áfram.

Mosfellsbær, 19. febrúar 2016

Jón Eggert Bragason, skólameistari  
Guðrún Guðjónsdóttir, aðstoðarskólameistari